



### **310. Stjórnarfundur haldinn 9. apríl 2008 kl:17:05**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney.**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar.**

Lesin og samþykkt.

#### **2. Innkominn bréf.**

Bréf frá UMFÍ v/ boð á samráðsfund 26. – 27. apríl '08 haldinn í Þorlákshöfn auk dagskrá. *Móttakið.*

Bréf frá knattspyrnudeild Þorsteini Magnússyni formanni v/ sölu á K- merktum varningi og hugsanlega fjármögnun aðalstjórnar. *Aðalstjórn heimilar notkun á K-merki og jafnframt er framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu við knattspyrnudeild.*

Erindi frá Skúla Jónssyni v/ styrk til handa unglingum sem hafa verið valdir í landslið Íslands í Körfuknattleik. *Hafnað og framkvæmdastjóra falið að svara erindinu.*

Bréf frá knattspyrnudeild v/fjárhagsskuldbindinga deildarinnar. *EH og ÞMK falið að ræða við aðila deildarinnar.*

Skinnfaxi.

#### **3. Send bréf.**

Engin

#### **4. Heimsókn til deilda félagsins.**

Fundur var með knattspyrnudeild 7.apríl '08. Fundurinn var góður og gagnlegur að mati stjórnarmanna. Þetta fyrirkomulag þykir henta vel.

#### **5.Samráðsfundur UMFÍ 26. – 27. apríl '08.**

EH fór yfir dagskrá fundarins. Ákveðið að EH verði fulltrúi Keflavíkur á þessum fundi.

#### **6. Knattspyrnuvöllurinn og félagsheimilið við Hringbraut 108.**

Hádegisfundur 9. apríl '08 með Árna Sigfússyni bæjarstóra, Stefáni Bjarkasyni og Guðlaugi H Sigurjónssyni frá RNB og fulltrúum knattspyrnudeildar Þorsteini Magnússyni formanni, Ólafi Birgi Bjarnasyni varaformanni, Smára Helgasyni, Friðriki Friðrikssyni framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar og Einari Haraldssyni formanni félagsins v/byggingu nýs búningastöðu við knattspyrnuvöllinn Hringbraut. Árni Sigfússon fór yfir stöðu mála og baðst afsökunar á því að verkið myndi ekki verða tilbúið á fyrirfram ákveðnum tíma. Bæjaryfirvöld hafa afgreitt málið og framkvæmdir geta hafist, verklok áætluð um miðjan júní '08. Einnig var rætt um þær framkvæmdir sem átti að vera búnar varðandi tröppur og stétt við félagsheimilið. Árna Sigfússyni þakkað fyrir góðan fund.

#### **6. Önnur mál.**

Ákveðið að taka þátt í afmælisgjöf til formanns UMFÍ.

EH fór yfir úthlutun á ferðastyrkjum frá ÍSÍ.





Félagaskrá Keflavíkur uppkast til kynningar fyrir stjórnarmenn (hugmynd frá Birgi Má Bragasyri formanni körfuknattleiksdeildar)

EH sagði frá því að Sigríður Jóhannsdóttir hefði komið í heimsókn og rætt um hvaða hugmyndir aðalstjórn hafi með nýtingu á malarvellinum. Hún hefur mikinn áhuga á að komið verði upp hreystivelli á þessu svæði (hefur rætt við bæjaryfirvöld). Skildi eftir hugmynd að Hreystivelli sem yrði á malarvellinum.

EH sat málþing ***Þetta vilja þau*** varðandi niðurstöður af forvarnardeginum sem haldinn var 21. nóvember 2007 fyrir 9. bekkinga grunnskólum landsins og var með yfirskriftina ***Taktu þátt Hvert ár skiptir máli.*** Gott málþing.

Næsti stjórnarfundur 23.apríl kl. 17:05

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.18:30

